

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um ráðningu í prestsstörf nr. 4/2021.
(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af biskupi Íslands.
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir.

1. gr.

3. málsl. 4. gr. orðist svo:

Að umsækjendur leggi fram prófskírteini sem staðfesti mag. theol. eða cand. theol. próf frá guðfræði- og trúarbragðadeild Háskóla Íslands eða sambærilegri menntastofnun. Jafnframt skal leggja fram staðfestingu um að viðkomandi hafi lokið starfsþjálfun hjá Þjóðkirkjunni og vottorð um aðra menntun eða þjálfun sem nýtist í starfi.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna, nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.

Greinargerð:

Við gildistöku þjóðkirkjulaga nr. 77/2021 féllu á brott lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Í þeim lögum voru eftirfarandi ákvæði um almenn skilyrði til skipunar eða setningar í prestsembætti:

1. 25 ára aldur. Biskup Íslands getur þó veitt undanþágu frá því ákvæði.
2. Embættispróf frá guðfræðideild Háskóla Íslands eða frá viðurkenndri guðfræðideild eða guðfræðiskóla, og skal biskup Íslands leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands um hið síðarnefnda.
3. Að kandídat hafi ekki gerst sekur um athæfi sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi.

Áður en kandídat hlýtur vígslu skal hann hafa hlotið starfsþjálfun samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum, sbr. 59. gr.

Að öðru leyti verður kandídat að fullnægja almennum skilyrðum [6. gr. laga](#)

[nr. 70/1996](#), um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í þeim lögum voru svo hin almennu skilyrði til þess að fá skipun eða ráðningu í starf hjá ríkinu.

Á aukakirkjuþingi 2019 var samþykktur viðbótarsamningur um endurskoðun á samkomulagi milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 (kirkjujarðasamkomulagið) og samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998.

Í samningnum felast nýjar viðmiðanir og breytt fyrirkomulag á ýmsum þeim atriðum sem fjallað var um í fyrri samningum aðila. Markmið með viðbótarsamningnum er m.a. að auka sjálfstæði þjóðkirkjunnar í starfsmannamálum. Í samræmi við samninginn og lög nr. 153/2019, féllu brott 1. janúar 2020 ákvæði í starfsmannalögum sem fjölluðu um það starfsfólk þjóðkirkjunnar sem tilgreint var í 1. mgr. 61. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og sem var í starfi 31. desember 2019. Um er að ræða þá presta þjóðkirkjunnar sem voru skipaðir eða settir til starfa af biskupi Íslands og starfsfólk biskupsstofu sem frá gildistöku laganna teljast ekki lengur til opinberra starfsmanna.

Þrátt fyrir að prestar þjóðkirkjunnar séu ekki lengur opinberir starfsmenn telur biskup rétt að sett séu skilyrði sem umsækjendur um preststörf verða að uppfylla er varðar menntun og þjálfun presta. Stuðst er við ofangreind skilyrði í hinum brottföllnu lögum um þjóðkirkjuna. Ekki þykir rétt að halda inni skilyrði um aldur enda var undanþáguheimild frá því skilyrði í lögnum. Þá þykir ekki lengur þörf á að kveða á um að kandídat hafi ekki gerst sekur um athæfi sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi þar sem ákvæði er í starfsreglunum um að umsækjendur skuli leggja fram sakavottorð.

Lagt er til að breyting þessi taki gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.